



Forsætisnefnd

Reykjavík, 24. febrúar 2025  
MSS23040216

## Reglur um hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur

Óskað er eftir að forsætisnefnd staðfesti hjálagðar reglur um hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða uppfærslu á reglunum sem staðfestar voru í forsætisnefnd þann 2. júní 2023.

Helstu breytingar eru eftirfarandi:

- Verð vegna leigu á aðstöðu eru hækkuð um 9% en slíkt er í samræmi við nýsamþykktar breytingar á gjaldskrá vegna leigu á Tjarnarsal. Fengið var álit frá sérfræðingi fjármála- og áhættustýringarsviðs við útreikning á áætluðum hækkunum.
- Eftirfarandi ákvæði er bætt við reglurnar:  
Ef óskað er eftir afnotum af Tjarnarsal fyrir opinn viðburð þar sem til stendur að gefa saman fjölda tilvonandi hjónaefna, án endurgjalds fyrir þau, er viðburðastjórn heimilt að falla frá leiguverði skv. 2. gr. reglna þessara.

Margrét Berg Sverrisdóttir  
formaður viðburðastjórnar

Hjálagt: Reglur um hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur, með breytingaslóð og hreint skjal.



## REGLUR

### Hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur

Hægt er að leigja rými fyrir hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða tvo sali á þriðju hæð í norðurhluta Ráðhússins, Turn og Tjarnarbúð, ásamt rými í Tjarnarsal. Salir fyrir hjónavígslur eru til leigu mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga milli kl. 10:00-15:00. Fylla þarf út umsókn um afnot af rýmum fyrir hjónavígslur á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

#### 1.

Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á sölum Ráðhúss fyrir hjónavígslur, og heldur utan um umsóknir og afgreiðslu þeirra.

#### 2.

Fulltrúi viðburðastjórnar aðstoðar leigutaka við uppsetningu rýmis, ~~—~~ Dúkar og kertastjakar eru innifalinn í leigu. Leiguverð er ~~320.5000~~ kr. auk vsk. á virkum dögum en ~~430.5000~~ kr. auk vsk. á laugardögum.

#### 3.

Leigutaki annast alla skipulagningu, aflar nauðsynlegra leyfa og útvegar vígsluaðila og votta. Fulltrúi viðburðastjórnar er til taks á staðnum á meðan á athöfn stendur.

#### 4.

Athöfnin skal taka taki að hámarki eina klukkustund og fer fram standandi. Sé athöfn haldin í Turni eða Tjarnarbúð skulu gestir ekki vera fleiri en 20. Í Tjarnarsal skulu gestir ekki vera. Ekki verði fleiri en 50.50 gestir viðstaðir vígsluna. Aðgengi er tryggt fyrir öll.

#### 5.

Leyfilegt er að skála að athöfn lokinni, ekki er leyfilegt að vera með hrísgrjón, sápukúlur, glitpappír (konfetti) eðaög þess háttar. ~~Hægt er að leigja glös í Ráðhúsi sé þess óskað skv. gjaldskrá.~~

#### 6.

Ef óskað er eftir afnotum af Tjarnarsal fyrir opinn viðburð þar sem til stendur að gefa saman fjölda tilvonandi hjónaefna, án endurgjalds fyrir þau, er viðburðastjórn heimilt að falla frá leiguverði skv. 2. gr. reglna þessara.

#### 76.

Reglur þessar taka gildi þann ~~15. maí~~ 28. febrúar 20253. Umsjón og umsýsla með þessum reglum er hjá viðburðastjórn Ráðhúss og eru þær staðfestar af Forsætisnefnd.



## REGLUR

### Hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur

Hægt er að leigja rými fyrir hjónavígslur í Ráðhúsi Reykjavíkur. Um er að ræða tvo sali á þriðju hæð í norðurhluta Ráðhússins, Turn og Tjarnarbúð, ásamt rými í Tjarnarsal. Salir fyrir hjónavígslur eru til leigu mánudaga, miðvikudaga, fimmtudaga, föstudaga og laugardaga milli kl. 10:00-15:00. Fylla þarf út umsókn um afnot af rýmum fyrir hjónavígslur á vefsíðu Reykjavíkurborgar.

#### 1.

Viðburðastjórn Ráðhúss er tengiliður fyrir leigu á sölum Ráðhúss fyrir hjónavígslur, og heldur utan um umsóknir og afgreiðslu þeirra.

#### 2.

Fulltrúi viðburðastjórnar aðstoðar leigutaka við uppsetningu rýmis. Dúkar og kertastjakar eru innifalin í leigu. Leiguverð er 32.500 kr. auk vsk. á virkum dögum en 43.500 kr. auk vsk. á laugardögum.

#### 3.

Leigutaki annast alla skipulagningu, aflar nauðsynlegra leyfa og útvegar vígsluaðila og votta. Fulltrúi viðburðastjórnar er til taks á meðan á athöfn stendur.

#### 4.

Athöfnin skal taka að hámarki eina klukkustund og fer fram standandi. Sé athöfn haldin í Turni eða Tjarnarbúð skulu gestir ekki vera fleiri en 20. Í Tjarnarsal skulu gestir ekki vera fleiri en 50. Aðgengi er tryggt fyrir öll.

#### 5.

Leyfilegt er að skála að athöfn lokinni, ekki er leyfilegt að vera með hrísgrjón, sápukúlur, glitpappír (konfetti) eða þess háttar.

#### 6.

Ef óskað er eftir afnotum af Tjarnarsal fyrir opinn viðburð þar sem til stendur að gefa saman fjölda tilvonandi hjónaefna, án endurgjalds fyrir þau, er viðburðastjórn heimilt að falla frá leiguverði skv. 2. gr. reglna þessara.

#### 7.

Reglur þessar taka gildi þann 28. febrúar 2025. Umsjón og umsýsla með þessum reglum er hjá viðburðastjórn Ráðhúss og eru þær staðfestar af Forsætisnefnd.

